



Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, 23. ágúst 2002, kl.14:00.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.

Karl Björnsson stjórnarformaður setti fund og lagði til að Ingunn Guðmundsdóttir stýrði fundi og var það samþykkt. Lagt var til að Guðmundur Stefánsson ritaði fundargerð og var það samþykkt.

2. Skýrsla stjórnar.

Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri fór yfir starfsemi og afkomu stöðvarinnar sl. ár. Afkoma Sorpstöðvarinnar var mjög góð. Rekstrarafgangur varð eftir afskriftir og fjármagnsgjöld rúmlega 18 milljónir kr. og eiginfjárstaða er sterk eða 108 milljónir í eigin fé. Hann taldi rétt að leggja nokkurt fé í varasjóð, því að vakta þarf urðunarsvæðið í 30 ár eftir að rekstri lýkur.

Innvegið sorpmagn sl. ár 27.861 tonn, sem er lítilsháttar minnkun þrátt fyrir nokkra aukningu í sláturúrgangi.

Kvartanir yfir starfseminni bárust frá ábúendum Auðsholts í Ölfusi og Veidifélagi Árnesinga, en opinberir eftirlitsaðilar hafa ekki gert neinar alvarlegar athugasemdir við starfsemina í Kirkjuferjuháleigu.

Þorvarður fór yfir sorpflokkunarmál og gerði grein fyrir starfsemi Kjötmjöls ehf. en Sorpstöðin jók hlutfé sitt í Kjötmjöli um 20 milljónir á síðasta ári. Hann taldi að mikil umskipti hefðu orðið í umhverfismálum á Suðurlandi með tilkomu urðunarsvæðisins í Kirkjuferjuháleigu.

Að lokum þakkaði hann fráfarandi stjórnarformanni Karli Björnssyni fyrir langt og gott starf fyrir Sorpstöðina.

3. Reikningar.

Karl Björnsson fór yfir reikninga stöðvarinnar. Tekjur voru 74,4 milljónir, rekstrargjöld 45,9 milljónir, nettóvaxtagjöld 4,6 milljónir, eignir eru 141,5 milljónir, skuldir 33,5 milljónir og eigið fé 108 milljónir.

Guðmundur Þorvaldsson gerði athugasemd við skýrslu framkvæmdastjóra. Tillaga sem kom fram á aðalfundi Veiðfélags Árnesinga um Sorpstöðin var ekki samþykkt þar.

Fleiri tóku til máls og ræddu um fjárhagsáætlun, skiptingu brotajárnshirðu sveitarfélaga, málefni Kjötmjöls og stefnu um stærð varasjóðs.

4. Gjaldskrá og fjárhagsáætlun.

Gjaldskrá var borin upp og samþykkt óbreytt.

Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár og næstu þrjú ár.

Fundurinn samþykkt fjárhagsáætlunina en felur stjórn að yfirfara þær og senda endurskoðaðar til aðildarfélaganna áður en þau hefja vinnu við fjárhagsáætlanir sínar fyrir næstkomandi ár.

5. Kosningar.

Tillaga kom fram um stjórnarmenn:

Aðalmenn í stjórn:

Einar Njálsson, Árborg
Ágúst Ingi Ólafsson, Sorpstöð Rangæinga
Ólafur Áki Ragnarsson, Ölfusi

Varamenn:

Ingunn Guðmundsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sorpstöð Rangæinga
Orri Hlöðversson, Ölfusi

Skoðunarmenn:

Bjarki Reynisson, Villingaholtshreppi
Ragnar Sær Ragnarsson, Bláskógabyggð

5. Önnur mál.

Karl Björnsson þakkaði gott samstarf við alla varðandi Sorpstöðina.

Guðmundur Stefánsson,
fundarritari